

Til að opna port

Byrjaðu á að fara í Start -> Run -> og skrifa þar **telnet 192.168.1.1**. Þá kemur svartur gluggi upp og þar skrifarðu passwordið **admin**. Þegar að því er komið ætti að vera skipanalína tilbúin. Þar skrifarðu **ip nat session 2048** og ýtir á enter. Þegar skipanalínan er tilbúin aftur þá skrifarðu **exit** og ýtir á enter.

Til að finna MAC addressuna á vélinni sem þú ert að fara að opna port til gerir þú eftirfarandi:

Win2000 & XP = Start → Run → slá þar inn cmd og ýta á OK. Skrifa skal þar inn **IPCONFIG /ALL** og undir **PHYSICAL ADDRESS** er MAC talan þín.

Win98 & ME = Start → Run → slá þar inn command og ýta á OK. Skrifa skal þar inn **IPCONFIG /ALL** og undir **PHYSICAL ADDRESS** er MAC talan þín.


Það er mikilvægt að skrifa niður **PHYSICAL ADDRESS** sem er á því netkorti sem þú ert að nota.

Næst þarf að tengja sig inná routerinn og er það gert með því að opna einhvern vafra (t.d. Internet Explorer) og skrifað inn <http://192.168.1.1> og svo er slegið inn það lykilorð sem valið var þegar router var stilltur í fyrsta skiptið (ef hann var stilltur hjá okkur þá er það **admin**)

Síðan er valið að fara í **ADVANCED SETUP** (ef sá möguleiki er fyrir hendi)

Þegar komið er inn ferðu í **NETWORK -> LAN**.


Þar er valinn **CLIENT LIST** flipinn. Þá færðu þennan glugga:



Finndu þarna færsluna sem er með sömu MAC addressu og netkortið sem þú ætlar að nota og hakaðu þar við **RESERVE**. Ýttu á **APPLY** og skrifaðu niður hver IP talan er í viðkomandi færslu.

Þegar þú ert búin að stilla hvaða IP tölu tölvan á alltaf að vera með (síðasta skref), skaltu fara aftur í menuið til vinstri og ýta á **NETWORK -> NAT**

Þar ýtirðu á **PORT FORWARD** flipann. Þá færðu þetta upp:



Network > NAT > Port Forwarding

General Port Forwarding

Default Server Setup

Default Server: 0.0.0.0

Port Forwarding

Service Name: WWW Server IP Address: 0.0.0.0 Add


#	Active	Service Name	Start Port	End Port	Server IP Address	Modify
---	--------	--------------	------------	----------	-------------------	--------

Apply Cancel

Þarna velurðu hvaða service þú ætlar að forwarda í **SERVICE NAME** (WWW fyrir heimasíðu, FTP fyrir FTP server o.s.frv.) og setur svo IP töluna á netkortinu sem þú ert að nota í **SERVER IP ADDRESS** og ýtir svo á **ADD**.

Ef það sem þú ætlar að forward er ekki í **SERVICE NAME**, velurðu **USER DEFINE** úr þeim lista.

Þá færðu svona glugga:



The screenshot shows a web-based configuration interface for NAT Port Forwarding. The breadcrumb trail at the top reads "Network > NAT > Port Forwarding". The main window is titled "Rule Setup" and contains the following fields and controls:

- An unchecked checkbox labeled "Active".
- A text input field for "Service Name".
- A numeric input field for "Start Port" containing the value "0".
- A numeric input field for "End Port" containing the value "0".
- A text input field for "Server IP Address" containing the value "0.0.0.0".


At the bottom of the dialog, there are three buttons: "Back", "Apply", and "Cancel".

Þarna hakarðu við **ACTIVE**, skýrir service name'ið það sem þú vilt, setur portið sem á að forwarda í **START PORT** og **END PORT** (ef þú ætlar að forwarda röð af portum á sömu tölvu, eins og 21-23, seturðu 21 í **START PORT** og 23 í **END PORT**) og setur svo IP tölna af tölvunni í **SERVER IP ADDRESS**.

Síðan ýtirðu á **APPLY** og þá ætti þetta að vera komið í **NAT** töfluna.

Núna ferðu aftur í menuið til vinstri og ýtir á **SECURITY -> FIREWALL**.

Þar velurðu **RULES** flipann. Þá sérðu þetta:



Security > Firewall > Rules

General **Rules** Anti Probing Threshold

Rules

Firewall Rules Storage Space in Use (1%)

0% 100%

Packet Direction LAN to LAN / Router ▾

Create a new rule after rule number : 0 ▾

#	Active	Source IP	Destination IP	Service	Action	Schedule	Log	Modify	Order
---	--------	-----------	----------------	---------	--------	----------	-----	--------	-------

.....

Breyttu PACKET DIRECTION í WAN to LAN. Og svo við CREATE A NEW RULE AFTER RULE NUMBER: skaltu smella á ADD hnappinn. Þá færðu þetta

Security > Firewall > Rules > Edit Rule

Edit Rule 1

Active
Action for Matched Packets: **Permit**

Source Address

Address Type: Any Address

Start IP Address: 0.0.0.0 Add >> Any

End IP Address: 0.0.0.0 Edit <<

Subnet Mask: 0.0.0.0 Delete

Destination Address

Address Type: Any Address

Start IP Address: 0.0.0.0 Add >> Any

End IP Address: 0.0.0.0 Edit <<

Subnet Mask: 0.0.0.0 Delete

Service

Available Services: Any(All), Any(ICMP), AIMNEW-ICG(TCP:5190), AUTH(TCP:113), BGP(TCP:179)

Selected Services: Any(UDP), Any(TCP)

[Edit Customized Services](#)

Schedule

Day to Apply: Everyday, Sun, Mon, Tue, Wed, Thu, Fri, Sat

Time of Day to Apply : (24-Hour Format)

All day


Start: 0 hour 0 minute End: 0 hour 0 minute

Log: Log Packet Detail Information.

Alert: Send Alert Message to Administrator When Matched.

Apply Cancel

Ef service'ið sem þú ætlar að opna fyrir er ekki í **SERVICE** listanum smelltu þá á **EDIT CUSTOMIZED SERVICE**. Smelltu á fyrsta tölustafinn sem ekki inniheldur frekari lýsingu. Undir **SERVICE NAME** setur þú t.d. **RDESKTOP** (remote desktop) og gætir þess að **SERVICE TYPE** sé stillt á **TCP/UDP**. **TYPE** á að vera **SINGLE** og í **PORT NUMBER** lætur þú sama port númer og var opnað fyrir áðan td. **3389**. Smelltu á **APPLY**. Og svo á **BACK** takkann.



Security > Firewall > Rules > Customized Services > Config

Config

Service Name: RDesktop

Service Type: TCP/UDP

Port Configuration

Type: Single Port Range

Port Number: From 3389 To 0

Apply Cancel Delete

Núna ertu komin(n) í aðal firewall reglu gluggann.

Hakaðu við **ACTIVE** og svo skal velja **PERMIT** í “Action for matched packets”. Gættu þess að það standi **ANY ADDRESS** í **SOURCE ADDRESS LIST**. Undir **Destination Address** skaltu velja **SINGLE ADDRESS** sem **ADDRESS TYPE** og skrifa svo ip töluna á netkortinu þínu í **START IP ADDRESS**. Og smelltu á **ADD** takkann. Undir **DESTINATION ADDRESS LIST**, veldu **ANY** og ýttu á **DELETE** takkann.

Veldu svo Service sem á að forwarda (t.d. það sem þú þurftir að búa til) og ýttu á **ADD** takkann þar við. Mjög mikilvægt er líka að velja **Any (TCP)** og **Any (UDP)** og smella á **REMOVE** á báðum pökkunum, annars opnast á allt inn í gegnum eldvegginn.

Smelltu nú á **APPLY**. Þá er þessu lokið og búið er að opna fyrir viðeigandi port.